



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Aðalfundur EBAK 20. mars 2024

1. Fundarsetning. Karl Erlendsson formaður EBAK setti fundinn.

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir. Verið öll hjartanlega velkomin á þennan aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri 2024 sem haldinn er í Síðuskóla.

Sérstaklega vil ég bjóða velkomna gesti okkar.

Frá síðasta aðalfundi fyrir um ári síðan hafa nokkrir félagar okkar farið yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst allra þeirra sem fallið hafa frá, um leið og við sendum ættingjum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Eitt af því sem þarf að gera við upphaf aðalfundar er að kanna lögmæti hans. Í samþykktum er kveðið á um að hann sé auglýstur með minnst viku fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Dagskránni, á ebak.is og á fésbókarsíðu félagsins þann 13. mars síðastliðinn. Fundurinn er því lögmætur.

Ég segi því aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri árið 2024 settan.

Minni á að aðeins félagar hafa kosningarétt á fundinum.

Tillaga stjórnar er að Magnús Gauti Gautason verði fundarstjóri og þau Elín Antonsdóttir og Garðar Lárusson fundarritarar.

Samþykkt samhljóða

2. Skýrsla stjórnar og úrtak úr nefndaskýrslum fyrir starfsárið 30. mars 2022 til 27. mars 2023..

Karl Erlendsson formaður EBAK flutti skýrsluna.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu; Karl Erlendsson formaðu, Sigurður Harðarson varaformaður, Elín Antonsdóttir ritari, Karl Guðmundsson gjaldkeri og meðstjórnendur Helgi Aðalsteinsson, Þóra Hjaltadóttir og Valgerður Jónsdóttir. Varamenn voru Friðrik Vagn Guðjónsson, Margrét Alfreðsdóttir og Margrét Marvinsdóttir.

Bókaðir stjórnarfundir voru 14 en framkvæmdaráð, þar sem sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, kom mun oftast saman.

Frá 1. apríl á síðasta ári var formaður einnig skrifstofustjóri félagsins í 40% starfi. Skrifstofan var frá þeim tíma opin þrisvar í viku frá kl. 13 – 15.

Nú eru skráðir félagar 2549 og hefur fjölgað um ca 350 á síðasta ári. Þess má geta að á Akureyri búa um 4500 manns 60 ára og eldri. Þannig að í félaginu er yfir helmingur allra eldri borgara í bænum. Stjórnin vann að því í haust að uppfæra og leiðrétta félagaskrána með því að hringja í alla félagsmenn og leiðrétta upplýsingar sem þar koma fram.

Nýr samningur við Akureyrarbæ var undirritaður á árinu og áhugasamir geta skoðað hann á ebak.is. Samkvæmt samningnum styrkir Akureyrarbær félagið um 2 milljónir króna á ári árin 2024 og 2025 og leggur félaginu auk þess til húsnæði. Samstarfið við bæinn er með miklum ágætum.

Einnig vann stjórn undir forystu gjaldkera Karls Guðmundssonar, að búa til nýjar fjárhagsreglur fyrir félagið. Þetta var gert til einföldunar og til að auka öryggi og gagnsæi. Tekið var til í bankareikningasúpu félagsins og reikningum fækkað verulega. Þessar reglur voru kynntar og þær samþykktar á fundi með formönnum nefnda, sem haldinn var í september s.l.

Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda, en fastanefndir eru þær sömu og áður: Ferðanefnd, fræðslunefnd, skemmtinefnd, dansklúbbur, golfnefnd, göngunefnd, gönguklúbbur, spilanevndir félagsvistar og keppnisbridds. Netmiðlanefnd er á vegum stjórnar. Kór aldraðra Í fínu formi er svo rekinn sem deild í félaginu. Jónína Hjaltadóttir formaður kórsins mun gera grein fyrir starfinu hér á eftir. Einnig hefur verið spilað Ringó af miklum krafti í Síðuskóla í hádeginu alla miðvikudaga.

Ársskýrslur nefndanna eru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð aðalfundarins og fólk getur skoðað þær á heimasíðu félagsins www.ebak.is

Húsnæðismál:

Húsnæðismálin eru í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi eru það húsnæðismál félagsins og aðstaða okkar fyrir skrifstofu og félagslíf, og svo búsetumál félagsmanna almennt í bænum.

Ljóst er að félagsaðstaðan okkar er löngu sprungin og okkur bráðvantar að bæta þar úr.

Skrifstofan er einnig á mjög óheppilegum stað Bugðusíðu 1 hvað varðar aðgengi og er farið að standa félaginu fyrir þrifum. Á síðasta ári kom reyndar upp hugmynd um að kaupa líkamsræktarstöðina Bjarg og breyta henni í félagsheimili fyrir EBAK og Birtu. Þetta gekk ekki eftir þar sem eigendur Bjargs hættu við að selja. Þá var dustað rykið af hugmyndum um að byggja við aðstöðuna í Bugðusíðu 1 og er það mál nú í vinnslu.

Félagið hefur mikið fjallað um húsnæðismál eldri borgara í bænum almennt og það hvernig hægt sé að bæta úr þeim skorti sem virðist vera á hentugu húsnæði fyrir okkar félagsmenn. Í þessu skini var stofnaður ráðgjafahópur undir forystu Gunnars Gíslasonar. Þessi hópur hefur komið nokkrum sinnum saman og kann ég honum bestu þakkir fyrir. Við erum að skoða hver sé raunveruleg þörf eldra fólks fyrir húsnæði, hvar menn vilji helst búa og hvernig eignarhald hugnist fólki best. Þetta verður gert með vefkönnun sem nú er unnið að.

Eins og menn vita var Ebak lengi í samstarfi við Búfesti um byggingu íbúða fyrir félagsmenn við Þursaholt. Af ýmsum ástæðum gengu þessi áform ekki eftir og Búfesti skilaði lóðinni. Við hörmum þessi málalok. Nú er hins vegar einkum horft til Tjaldsvæðareitsins við Þórunnarstræti, en þar er unnið að því af hálfu félagsins að minnsta kosti 30% íbúða verði ætlaðar 60 ára og eldri. Í Móahverfi er einnig reiknað með þremur fjölbýlishúsum fyrir eldra fólk.

Nú er mikið er rætt um svokallaða lífsgæðakjarna. Akureyrarbær skipaði starfshóp til að vinna að byggingu lífsgæðakjarna í bænum. Formaður Ebak á sæti í þeim hóp. Upp hefur komið sú hugmynd að lóðirnar við Þursaholt verði nýttar undir slíkan kjarna með byggingu hjúkrunarheimils, fjölbreyttra íbúða með mismunandi eignarformi og félagsaðstöðu. Þetta yrði þjónustukjarni sambærilegur við t.d. Mörkina í Reykjavík. Einnig er verið að skoða að koma upp stærri lífsgæðakjarna, sem stæði undir nafni, fyrir sunnan Naustahverfið og fyrir ofan Hagahverfið. Það er mjög áhugaverð staðsetning og væri hægt að byggja mismunandi íbúðir með mismunandi þjónustu. Þarna er nægt pláss og væri hægt að hafa þar hjúkrunarheimili, félagsaðstöðu, leiguíbúðir, eignaríbúðir og jafnvel heilsugæslu.

Kjaramál:

Á síðasta ári var stofnaður kjaramálahópur innan EBAK undir forystu Björns Snæbjörnssonar. Sá hópur hefur verið afar virkur og haldið mjög vel sóttu opna fundi um hagsmunamál eldri borgara. Við lítum á það sem eitt af okkar mikilvægustu verkefnum að vinna að bættum kjörum eldri borgara og þrýsta á stjórnvöld um úrbætur. Vandamálið er auðvitað það að eldri borgarar hafa í raun engan viðsemjanda og getur því lítið gert annað en að láta í sér heyra og minna stjórnvöld á að í okkar röðum eru tugir þúsunda atkvæða. Björn mun gera grein fyrir störfum hópsins hér á eftir.

Virk efri ár.

Undanfarið hefur Akureyrarbær staðið fyrir verkefninu Virk efri ár með miklum ágætum. Héðinn Svarfdal hefur veitt verkefninu forstöðu með miklum ágætum og hefur samstafið við hann verið mjög gott og við þökkum fyrir það og væntum góðs af verkefninu í framtíðinni og viljum leggja okkar að mörkum við þróun þess.

LEB.

Landsfundur LEB á síðasta ári var haldinn í Borgarnesi. Þar mættu 8 fulltrúar frá EBAK. Auk venjulegra fundarstarfa var ályktað þar um kjaramál, velferðarmál, húsnæðismál og stöðu hjúkrunarheimila. Landsfundurinn fyrir árið 2024 verður haldinn í Reykjavík í maí. EBAK á níu fulltrúa á þeim fundi.

Öldungaráð.

Öldungaráð Akureyrarbæjar starfar samkvæmt lögum þar um og á félagið þrjá fulltrúa í ráðinu. Hallgrímur Gíslason mun gera grein fyrir störfum Öldungaráðs hér á eftir.

Úrdráttur úr störfum nefnda.

Skemmtinefnd.

Fjölgað var í nefndinni á árinu og eru nú 10 í nefndinni. Haldin hafa verið 34 bingó og 6 krárvöld.

Ferðanefnd.

Ferðanefnd gekkst fyrir siglingu til Færeyja í maí. Farnar voru nokkrar dagsferðir og 5 daga hálandisferð í ágúst. Jólhlaðborð var í Hótel Seli. Uppselt var í allar ferðir nefndarinnar.

Fræðslunefnd.

Fræðslufundir voru 14 á starfsárinu og bókaðir gestir 1224. Nefndin sjálf hélt 17 bókaða fundi.

Bridgenefnd.

Spilaður er tvímenningur í Birtu á fimmtudögum. 13,5 pör mættu að meðaltali. Alls hafa 68 einstaklingar mætt til leiks.

Göngunefnd.

Nefndin hélt þrjá undirbúningsfundi. Gengið var í Kjarnaskógi á þriðjudögum og aðsókn að meðaltali 43. Mest 55 13. júní.

Gönguklúbbur.

Göngur voru vikulegar á fimmtudögum. Yfirleitt um 5 km ganga og þátttakendur 8 – 30, meðaltal ca 18. Aðeins ein ferð féll niður vegna veðurs.

Dansnefnd.

Dansnefndin gengst fyrir dansæfingum 1. og 3. miðvikudag í hverjum mánuði. 14 til 20 hafa mætt á hverja æfingu.

Golfnefnd.

Æft er tvisvar í viku í aðstöðu Golfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllinni. Aðsókn mætti vera betri.

Netmiðlanefnd sér um heimasíðuna ebak.is og fésbókarhópin okkar. Nú eru í þeim hóp 2005 félagar.

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfsemi félagsins undanfarið ár. Örugglega margt fleira sem mætti nefna en hér læt ég staðar numið.

Ég vil svo þakka meðstjórnendum mjög gott samstarf og fyrir hönd stjórnar þakka öllum mjög svo óeigingjarnt starf í nefndum og hópum félagsins.

Takk fyrir.

3. Ársreikningar félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 34.900.219- og rekstrargjöld kr.32.784.517- . Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði er kr. 2.115.702- . Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 3.251.031-, þannig að heildarhagnaður ársins er kr. 5.366.744-.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 8.113.400- , leiga á sal kr. 64.000- , seld þrif á sal kr. -, tekjur nefnda kr 24.049.922- og aðrar tekjur 2.670.892-.

Rekstrargjöld félagsins eru nefndir og heilsuefling kr.22.991.184-, LEB kr. 1.970.090-, stjórnunarkostnaður kr. 6.633.188-, annar rekstrarkostnaður kr. 1.097.185- og afskriftir kr 92.870-

Samkvæmt efnahagsreikningi er eign um áramót kr. 58.264.402-

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur og reikninga.

Engar fyrirspurnir bárust

Reikningar samþykktir samhljóða

4. Skýrslur kórsins, kjarahóps og öldungaráðs.

Kór eldri borgara

Jónína Hjaltadóttir sagði fá kórstarfinu. 70 félagar eru í kórnum. Kórfélagar greiða kr 3000- á mánuði í þátttökugjald. Kórinn æfir tvisvar í viku undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur og ValmarValjaots er undirleikari á tónleikum. Árlega fer kórinn í söngferðalag og síðastliðið vor ar farið suður í Borgarfjörð. Á aðventunni er kórinn með tónleika í Sölku og syngur einnig á hjúkrunarheimilum Akureyrarbæjar og hjúkrunarheimili Grenivíkur. Á Þorranum hefur kórinn sungið Þorralög með Snorra Guðvarðarsyni. Stefnt er á dagsferð hjá kórfélögum 10. apríl í Skagafjörðinn og kóramót og tónleika 25. apríl í Glerárkirkju. Lokatónleikar eru fyrirhugaðir 2. maí.

Kjarahópur EBAK

Björn Snæbjörnsson gerði grein fyrir störfum kjarahóps EBAK. Stjórn EBAK skipaði 10 manns í hópinn sl. sumar. Í hópnum eru Björn Snæbjörnsson, Helgi Jónsson, Jón Már Héðinsson, Hreinn Pálsson, Emil Sigurjónsson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Marvinsdóttir og Margrét Árnadóttir. Stofnun hópsins var kynnt á fundi í Naustaskóla í september sl. Markmið hópsins er m.a. að hafa áhrif á kjör aldraðra bæði með fræðslu og ekki síst að koma áherslum okkar hér á Akureyri til þeirra sem ráða þ.e. ríkisstjórnar og bæjarfélagsins. Koma þeim í skilning um að við viljum réttlæti og að við sættum okkur ekki við að vera sett aftur fyrir aðra.

Hópurinn hefur haldið tíu fundi. Hópurinn gerði könnun meðal félagsmanna í október um áhersluatriði í kjaramála. Það var frábær þátttaka í könnunni. Alls svöruðu 792 af 1683 sem er

46,99%. 14. nóvember var haldinn fundur í Hofi með aðilum vinnumarkaðarins þar sem könnunin var kynnt.

Svörin úr könnuninni voru skýr:

1. Hækka lífeyrinn frá TR.
2. Hækka skerðingamörkin úr 25.000- sem eru búin að vera óbreytt í 8 ár.
3. Hækka persónuafslátt.
4. Lækka álagsprósentu lægsta skattþreps.
5. Aukagreiðsla til tekjulágra.
6. Gagnvart Akureyrabæ :
 - a. Frístundastyrkur.
 - b. Að aldraðir fái meira afslátt af fasteignagjöldum.

Boðað var til fundar með fulltrúum allra flokki á Alþingi 26. janúar en það varð að fresta þeim fundi vegna veðurs. Fundurinn hefur verið boðaður aftur 12. apríl. Næsta haust er stefnt að fundi með bæjarfulltrúum.

Skýrsla öldungaráðs

Hallgrímur Gíslason flutti.

Fulltrúar Félags eldri borgara, kjörnir til fjögurra ára á aðalfundi félagsins 29. mars 2022, eru: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir og Hallgrímur Gíslason, sem jafnframt er varaformaður ráðsins. Auk þeirra sitja í ráðinu þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og einn tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Varamenn EBAK eru Þóra Ákadóttir, Gunnar Gíslason og Sigurður Harðarson.

Öldungaráð er lögbundið ráð og starfar skv. lögum og eftir samþykkt bæjarins um ráðið. Það á að vera með í allri stefnumótun og skipulagi þjónustu við eldra fólk á vegum bæjarins og fylgjast með þeim málum. Bæjarráði er skylt að taka fundargerðir ráðsins til afgreiðslu.

Frá síðasta aðalfundi EBAK hafa verið haldnir níu fundir í ráðinu, sá síðasti í gær. Einn þeirra var með bæjarstjórn. Á þeim fundi lögðu fulltrúar EBAK fram mannfjöldaspá fyrir Akureyrarbæ til 2050, þar sem fram kemur gífurleg fjölgun eldri íbúa, sérstaklega þeirra sem komnir eru yfir áttætt, ræddu þróunarverkefni í tengslum við verkefnið Gott að eldast og afleita stöðu hjúkrunarheimilanna.

Auk þess var fundur með bæjarstjóra, aðstoðarmanni hennar, forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs. Þar var einkum rætt um skipulagsmál í víðum skilningi. Húsnæði félagsmiðstöðvanna og matarmál þar kom við sögu eins og oft, bæði fyrir og síðar. Einnig um fráflæðisvanda sjúkrahússins hér, sem hefur verið mun meiri en í Reykjavík, þrátt fyrir að annað mætti halda eftir fréttáflutningi. Búsetumál eldri borgara hafa mikið verið í umræðunni hjá okkur, bæði eigna- og leigumöguleikar og svo velferðarkjarni.

Samþykkt um ráðið var endurnýjuð með smávægilegum breytingum og ný starfsáætlun unnin. Hvoru tveggja er inni á heimasíðunni ebak.is, ásamt starfslýsingu. Þar er líka að finna allar fundargerðir ráðsins.

Við höfum fengið margþættar kynningar, eins og á starfi öldunarsálfræðings HSN, Virk efri ár, á starfsemi HSN og á fjárhagsáætlunum og gjaldskráum bæjarins. Þá höfum við fengið reglulegar kynningar á stöðu hjúkrunarheimilanna, einkum Hlíðar og margoft lýst yfir áhyggjum okkar af stöðunni þar. Þá fengum við kynningu á athyglisverðri rannsókn á næringu eldri borgara sem hefur síðan verið kynnt í bæjarkerfinu.

Nokkur mál höfum við fengið til umsagnar eins og mannréttindastefnu Akureyrarbæjar, stefnu um íbúasamráð, reglur um félagslegt leiguhúsnæði og um akstursþjónustu. Einnig hefur verið rætt um samgöngur á milli félagsmiðstöðvanna og á síðasta fundi var, í samráði við EBAK, óskað eftir að bæjarstjórn kanni möguleikann á tilraunaverkefni á því sviði.

Í samvinnu við EBAK lögðum við til að komið yrði hér á Lýðheilsustyrk, en það verkefni hlaut ekki hljómgrunn að þessu sinni, því áherslan verður lögð á hið frábæra verkefni *Virk efri ár*. Undirritaður fékk tækifæri til að taka þátt í pallborðsumræðum á athyglisverðri ráðstefnu um umhverfis- og loftlagsmál, sem var á vegum Akureyrarakademiunnar og Akureyrarbæjar. Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að fulltrúar EBAK í ráðinu funda með framkvæmdaráði EBAK þrisvar sinnum á ári.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur flytjenda.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

5. Árgjald félagsins fyrir 2025.

Karl Guðmundsson gjaldkeri EBAK kynnti tillögu stjórnar. Stjórn EBAK – Félags eldri borgara á Akureyri leggur til að árgjald félagsins fyrir árið 2025 verði krónur 4000-

Umræður og afgreiðsla.

Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun 2024 lögð fram.

Karl Guðmundsson lagði tillöguna fram.

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld kr. 8.400.000-, Akureyrarbær samningur kr. 2.000.000 – ferðanefnd kr. 15.000.000-, kórin kr. 9.000.000-. aðrar tekjur kr. 1.000.000- vextir nettó kr. 3.000.000-
Samtals kr. 38.400.000-

Rekstrargjöld:

Aðkeypt þjónusta 2.880.000-, Akstur skrifstofustjóra 610.000- . endurskoðun og reikningskil 800.000-, LEB 2.245.000-, landsfundur 300.000-, auglýsingar 800.000-, annar kostnaður 3.000.000- , kór og ferðanefnd varasjóður 1.000.000- , ferðanefnd 15.000.000-, kór 8.000.000-
Samtals kr. 35.685.000-

Hagnaður ársins kr. 2.715.000.

Umræður

Enginn kvaddi sér hljóðs.

7. Kosningar í stjórn og nefndir.

Karl Erlendsson formaður kynnti tillögur uppstillinganefndar og er listinn sjálfkjörinn.

Formaður

Karl Erlendsson

Valgerður Jónsdóttir

Aðalstjórn

Björn Snæbjörnsson
Guðný Fjóla Sigurðard.
Sigurður Harðarson
Karl Guðmundsson
Þóra Hjaltadóttir

Varastjórn

Brynjólfur Ingvarsson
Margrét Marvinsdóttir
Margrét Alfreðsdóttir

Nefndir 2022 – 2023 (kosnar til eins árs)

Ferðanefnd:

Halldór Sigurgeirsson
Hólmfríður Guðmundsd.
Pétur Haraldsson
Snjólaug Sigurðardóttir
Anna Guðmundsdóttir
Jón Ingi Einarsson
Vínbjörg Ásta
Gunnar Larsen
Helga Sigurðardóttir

Fræðslunefnd:

Sverrir páll Erlendsson
Andrea Jóhannsdóttir
Þorgerður Gunnlausdóttir
Helga Halldórsdóttir
Jón Magnússon
Stefán B. Sigurðsson

Golfnefnd:

Magnús Friðriksson
Einar Hjartarson
Helgi Aðalsteinsson

Göngunefnd:

Hrefna Hjálmarsdóttir
Rafn Sveinsson
Númi Adólfsson
Jósefína Stefánsdóttir
Halla Sigurðardóttir

Dansnefnd

Kristín Skúladóttir
Fríða L. Angantýsdóttir
Ingibjörg Sigurbjörnsd.
Sigurður Þorláksson
Jutta Knur

Skemmtinefnd:

Unnur Þorsteinsdóttir
Benedikt Bragason
Valbjörg Fjólmundsdóttir
Lilja Guðmundsdóttir
Sigrún Kjartansdóttir
Jónas Jónsson
Sara Svanlaugsdóttir
Reynir Adólfsson
Margrét Bjarke

Spilanefndir:

a) Bridds:

Haukur Harðarson
Stefán Vilhjálmsson

b) Félagsvist:

Helgi Helgason
Sigríður Harðardóttir
Halldóra Lísbet Friðriksdóttir
Steingrímur Svavarsson
Ásta Þorsteinsdóttir

c) Paravist.föstudögum
Hjörleifur Hallgríms Herbertsson

Þorbjörg Þorsteinsdóttir
Tryggvi Marinósson

Gönguklúbbur:

Garðar Lárusson
Birna G. Hermannsdóttir
Oddný Ólafsdóttir

TILLÖGUR STJÓRNAR OG UPPSTILLINGANEFNDAR

Skoðunarmenn reikninga:

Arnar Árnason
Hafdís Freyja Rögnvaldsd.

TILLÖGUR STJÓRNAR um uppstillinganefnd vegna aðalfundar 2025

Elín Antonsdóttir
Friðbjörg Finnsdóttir
Jón Haraldur Lárusson
Helga Kristjánsdóttir
Hrefna Torfadóttir

8. Ályktanir fundarins

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn í Síðuskóla miðvikudaginn 20. mars 2024 samþykkir eftirfarandi ályktun.

Fundurinn átelur ríkisstjórn Íslands harðlega fyrir það, að í þeim 80 milljarða króna pakka, sem hún setti fram til að liðka fyrir kjarasamningum næstu fjögur árin, er ekkert sérstaklega minnst á málefni eldri borgara þessa lands.

Það er öllum ljóst að stór hópur eldri borgara hefur mjög lágar tekjur og þarf sárlega að fá viðbót til að geta lifað eðlilegra lífi en hann gerir í dag.

Fundurinn telur að það ætti að vera forgangsverkefni stjórnvalda að sinna betur þeim þegnum sínum, sem hafa byggt upp það þjóðfélag, sem við búum við í dag.

Fundurinn skorar á alla eldri borgara þessa lands að standa þétt við bak Landsambands eldri borgara í þeirri miklu baráttu sem fram undan er í að ná fram réttlæti eldri borgurum til handa.

Ennfremur skorar fundurinn á Landsamband eldri borgara að berjast af fullri hörku fyrir því að á okkur verði hlustað og stjórnvöld komi til móts við okkar óskir um að allir geti lifað sómasamlegu lífi af sínum lífeyri.

9. Önnur mál:

a) Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem hætta störfum voru kvaddir og fengu afhent blóm.

b) Önnur mál

Sveinn Sigurbjörnsson vildi að félagið beitti sér fyrir því að ríkisútvarpið hætti að gutla tónlist undir töluðu máli.

Olafur Thoroddsen lýsti ánægu sína með stjórn félagsins.

Guðrún Sigurðardóttir spurði um lífsgæðakjarna. Hvar verða verslanir.

Karl formaður svaraði og útskýrði hugmyndina bak við lífsgæðakjarna.

Héðinn Svarfdal sagði að búið væri að fresta gjaldtöku virkra efri ára fram á haustið

Fundarslit

Magnús Gauti Gautason fundarstjóri sleit fundi.

Fylgiskjal með fundargerð:

Ársskýrslur nefnda Félags eldri borgara á Akureyri, EBAK, lagðar fram á aðalfundi 2023

- I. Skýrsla Ferðanefndar
- II. Skýrsla Fræðslunefndar
- III. Skýrsla Skemmtinefndar
- IV. Skýrsla Spilanefndar keppnisbridds
- V. Skýrsla Spilanefndar félagsvist
- VI. Skýrsla Göngunefndar
- VII. Skýrsla Golfnefndar
- VIII. Skýrsla Dansklúbbs
- IX. Skýrsla Gönguklúbbs
- X. Skýrsla netmiðlanefndar

I. Ársskýrsla ferðanefndar 2022 2023

Í stjórn sátu:

Halldór Sigurgeirsson formaður, Snjólaug Sigurðardóttir gjaldkeri Hólmfríður Guðmundsdóttir ritari. Meðstjórnendur, Pétur Haraldsson, Anna Guðmundsdóttir og Helgi Jónsson.

Eftirtaldar ferðir voru farnar á árinu,

Sigling til Færeyja með Smyril Line 24.05 til 30.05.

50 manns tóku þátt í ferðinni sem tókst með ágætum þrátt fyrir tæknilegt vandamál sem kom upp. Fararstjóri var Þorgerður Guðmundsdóttir.

Sigling út í Flatey á Skjálfandaflóa, eyjan skoðuð, boðið upp á mat, drykk, söng og dans.

Fararstjóri var Halldór Sigurgeirsson.

Farið var vestur í Skagafjörð og þaðan ekið fyrir Skagann með viðkomu á áhugaverðum stöðum. Fararstjóri Pétur Haraldsson.

Þá var farið austur á Raufarhöfn. Þar bauð félag eldri borgara á staðnum í kaffihlaðborð. Þaðan var ekið fyrir Melrakkasléttu með viðkomu á áhugaverðum stöðum. Fararstjóri Helgi Jónson og honum til aðstoðar Jón Magg.

Dagsferð í Svarfaðardal. Þar tók á móti okkur Kristján Hjartarson á Tjörn. Hann er einstakur frásagnarmaður og hafði frá mörgu að segja um líf og störf Svarfdælinga fyrir og nú.

Fararstjóri Halldór Sigurgeirsson.

Hálendisferð var farin í ágúst. Hólmfríður Guðmundsdóttir skipulagði 5 daga ferð og sá um leiðsögn og fararstjórn.

Farið var á jólahlaðborð hjá Hótel Seli og gist þar eina nótt, 90 manns tóku þátt.

Uppselt var í allar ferðir sem ferðanefnd stóð fyrir á árinu,

II. Ársskýrsla fræðslunefndar 2022-2023

Fulltrúar í fræðslunefnd:

Sigríður Stefánsdóttir, formaður, Hreinn Pálsson, ritari, Þorgerður Guðlaugsdóttir, gjaldkeri, Andrea Jóhannsdóttir, Sverrir Páll Erlendsson

Fræðslufundir voru að jafnaði haldnir tvisvar í mánuði á mánudögum kl. 14, frá apríl til maí og frá september til mars. Aðeins einn fundur í jóla- og páskamánuðum og því miður þurfti að fella tvo undirbúna fundi með stuttum fyrirvara vegna veikinda. Samtals urðu fræðslustundirnar á þessu starfsári 14 Bókaðir gestir á þessum fundum voru samtals 1020, skipting milli kynja: 659 konur og 361 karlar –64.6% konur 35.6% karlar. (Við þessar tölur á eftir að bæta síðasta fundi sem verður 18. mars)

Nefndin hélt samtals 17 bókaða fundi, auk þess samráðsfundi með stjórn og með ferðanefnd. Einnig var mikið um samráð og samskipti innan fræðslunefndar, á fb. síðu nefndarinnar, í tölvupósti og síma. Einnig samskipti og samvinna við þau sem sáu um fræðslu. Fjölmargar hugmyndir um fræðsluefni kviknar innan nefndarinnar sjálfar, einnig skjóta margir hugmyndum að nefndarfólki eða bjóða fram fræðslu. Nokkrir liðir eru á dagskrá flest ár t.d. lestur úr nýjum bókum, sem tengjast svæðinu, fyrir jól og vinsæll liður sem er á dagskrá einu sinni á ári - „sveitin mín“ þar sem sveitir og staðir eru kynnt.

Á árinu hófst samstarf við ferðanefnd, eins og fræðslunefnd hafði lagt til. Skipulagðir voru tveir fræðslufundir í tengslum við ferðir, en því miður þurfti að fella annan niður vegna veikinda. Rætt var við fulltrúa stjórnar um nauðsyn á tölvu- og snjalltækjafraeðslu og um verkaskiptingu nefndar, stjórnar og félagsmiðstöðva, þannig að um tví- eða þríverknað yrði ekki að ræða. Því miður varð ekki af neinni slíkri fræðslu á árinu.

Aðstaða fyrir fræðslufundi með góðri aðsókn er því miður ófullnægjandi og orð úr síðustu ársskýrslu því endurtekin: “Góð aðsókn á marga fræðslufundi sýndi glögg að húsakynni eru algjörlega ófullnægjandi og mikil þörf á betri og stærri aðstöðu. Í nokkur skipti þurftu gestir frá að hverfa. Í önnur skipti var mjög þröngt setið og stólaburður mikill. Reyndar fer allt of mikill tími fræðslunefndar í stólaburð, uppröðun og frágang. Nefndin ítrekar þörfina á að bætt verði úr húsnaðismálum, styður stjórn félagsins í viðleitni hennar við að koma því á framfæri og hvetur nýja stjórn til dáða.”

Mjög góð samvinna og verkaskipting hefur verið innan nefndarinnar og starfið ánægjulegt.

Meðfylgjandi er á sér blaði yfirlit um fræðsluefni, fyrirlesara og gestafjölda.

Kynningar á vegum fræðslunefndar eða frá aðalfundi 2023 til aðalfundar 2024 (fýgiskjal með ársskýrslu)			
2023		Alls	Mæting konur karlar
24.4. "Uppruni tegundanna" um ætttrákningar	Valdimar Gunnarsson og Sveinbjörg Sveinbjörnsd.	66	37 29
8.mai Hagnýðsáæftu Jennyar Karlsdóttur	Bryndís Símonardóttir	68	63 5
(24.5. Flatey á skjálfaða	Guðmundur Hölm.g.- Alli FÉLL niður vegna veikinda)		
18.sep Hvernig var fortíðin á litinn (fyrstu litinn)	Hörður Geirsson, Minjasafninu	88	49 39
2.okt Virki efi ár, dagskrá og göngu og hjólaþing	Héðinn Svörtólf	85	56 29
16.okt Afli, bráð veikindi og slýs	Alfheiður Svana Kristjánsdóttir, Rauða krossinum	50	35 15
30.okt Björgunarsveitir, hlutverk og verkefni	Halldór Halldórsson, form björgunarsv. Súlna	46	28 18
13.nóv Skipulag og byggingar - vellöan í hverfum.	Arni Arnason arkitekt	92	47 45
27.nóv Nýttkomnar bækur, tengdar Akureyri og E	höfundar o.fl.	89	56 33
11. des Nýttkomnar bækur 2	höfundar o.fl.	65	38 27
2024			
8.jan Listin og lífö - og Listasafnið á Akureyri -	Hlynur Halldórsson, safnstjóri	33	23 10
22.jan (Danskur sögur og söngvar -	Rabbi Sveins og hjómsveit - frestað v. veikinda)		
5.feb And Björk of Course - sýning L.A. Og hóf Þor	Gréta Kr. Ómarsdóttir leikstjóri og Sverrir Páll	42	30 12
19.feb Sveitin mín: "Nú er sumar í Köldukinn"	Helga Sigurðardóttir og Erla Sigurðardóttir frá Ystafé	124	77 47
4.mar Kústin að eiddast	Líney Utarsdóttir, sálfræðingur	176	120 56
8.mar Madeira, skrudgæðingurinn í Atlandshafinu	Hera Sigurðard.fararstj. í samráði við ferðanefnd	200	120 80*
	Alls	1224	779 445
	%		63,6 36,4
	%		63.6437908 36.356209
*185 skrifubú í gestabók, en hún barst ekki til allra - gestir gætu hafa verið römu, 200			

Akureyri, 11. mars 2024

f.h. fræðslunefndar

Sigríður Stefánsdóttir, formaður

III. Ársskýrsla skemmtinefndar 2022-2023

08.03. 24. apríl var haldinn fundur vegna skipunar nýrrar stjórnar og sú gamla skilaði af sér.

Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum.

Formaður: Benedikt Bragason

Varaformaður: Sara E. Svanlaugsdóttir

Gjaldkeri: Lilja Guðmundsdóttir

Ritari: Jónas Jónsson

Meðstjórnendur: Unnur Þorsteinsdóttir, Hörður Gunnarsson, Sigrún Kjartansdóttir, Sigurður Gíslason, Margreta Björke og Fjóla Sigurðardóttir

Eftir að fjölgað var í nefndinni hefur henni verið skipt í tvennt til að vinna á kráarkvöldum og hefur það gefist vel. Í framhaldi af því var ákveðið að halda kráarkvöldin framvegis á föstudagskvöldum.

Haldin hafa verið 34 bingó sem hafa oft skilað einhverjum hagnaði. Reiknað er með því að síðasta bingó verði haldið 14. maí nk.

Þegar hafa verið haldin 6 kráarkvöld (einu sinni í mánuði) og áætlað að halda tvö í viðbót. Í desember var ákveðið að hækka verð á stórum bjór og kostar hann eftirleiðis 1000 krónur. Hljómsveitin Fjörtappar ásamt Ara Baldurssyni haf séð um dansmúsíkina og mælst vel fyrir.

Akureyri 08.03. '24

Benedikt Bragason

Jónas Jónsson

IV. Ársskýrsla spilanefndar keppnisbridds 2022-2023

Bridgenefnd

Stefán Vilhjálmsson, Haukur Harðarson

Spilað var keppnisbridge (tvímenningur) í Birtu, Bugðusíðu 1 á fimmtudögum kl. 13-16. Spilað var 6 sinnum frá aðalfundi EBAK 28.3. 2023 til 25.5. Spilamennska hófst 7. sept. í haust og var spilað vikulega til 21. des., alls 16 skipti. Á nýju ári hefur verið spilað frá 4. jan. til 14. mars, alls 11 skipti. Þátttaka er góð og vaxandi frá síðasta vetri, 13,5 pör að meðaltali á tímabilinu en 16 pör nú eftir áramótin.

Alls hafa 68 einstaklingar mætt til leiks a.m.k. einu sinni, þar af 10 konur.

Innheimt hafa verið borðgjöld, 100 kr. á spilara.

Nefndarmenn þakka öllum spilurum skemmtilega og þrúðmannlega keppni og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar fyrir sitt starf og góðar kaffiveitingar.

Akureyri 15. mars 2024

Stefán Vilhjálmsson

Haukur Harðarson

V. Árskýrsla spilanefndar félagsvist 2022-2023

Engin skýrsla barst

VI. Árskýrsla Göngunefndar 2022-2023 Gönguferðir í Kjarnakógi

Í nefndinni áttu eftirfarandi félagar sæti: Hulda Eggertsdóttir formaður, Hólmfríður Jóhannsdóttir, Hrefna Hjálmarsdóttir ritari, Rafn Sveinsson gjaldkeri og Númi Adolfsson

Við héldum þrjá undirbúningsfundi í maí, skiptum verkum, skoðuðum hverjir yrðu í bænum þessar vikur, höfðum samband við SBA og byrjuðum að velja staði til að heimsækja í sumarferðinni sem venjulega er farin í þriðju vikuna í ágúst. Nauðsynlegt að panta rútu og veitingar með góðum fyrirvara.

Fyrsta gangan var 6. júní og svo vikulega eftir það. Aðsókn var góð. Í júní var meðaltalið 43 félagar, í júlí 41 og í ágúst 50+ en boðið var upp á ketilkaffi og veitingar 22. ágúst. Flest vorum við 13. júní, 55 manns en þá var 15 stiga hiti.

Gönguferðirnar gengu yfirleitt mjög vel. Sjúkrakassi var með í ferðum en þurfti aldrei að nota. Lögð var áhersla á að fólk væri ekki eitt á göngu og gengi fyrst og fremst stóra hringinn eða hluta hans. Og svo var alls ekkert nauðsynlegt að ganga. Sumir gengu bara út að Grillhúsinu og nutu skógarilms og fuglasöngs. Í rúttunni voru oft léttar leikfimisæfingar sem Hulda stjórnaði og oft tókum við lagið. Passað var uppá að telja fólkið svo að enginn yrði skilinn eftir. Hólmfríður (Lilla) útbjó litla miða með símanúmerum okkar og bað fólk um að hafa þá meðferðis. Hefur komið sér vel. Þegar komið var á áfangastað var Hrefna með fróðleiksmola í ca 5 mínútur. Fjallað var um sögu skógarins, gróður o.fl. Fólki var í sjálfsvald sett hvort það staldraði við og hlustaði eða færi beint að ganga. Einnig báðum við fólk að láta vita ef það kærði sig ekki um myndatökur.

Héðinn Svarfdal kom og heimsótti okkur við og við bæði með léttu leiki og einnig kom hann færandi hendi með drykkjarbrúsa, sem fólk kundi vel að meta.

Óvissuferð sumarsins var svo í Þingeyjarsýslur. Við vorum heppin að fá Jóhannes Sigvaldason, sem fararstjóra. Ferðin tókst með ágætum 60 manns mættu. Kvöldverður snæddur í Seli í Mývatnssveit. Þeir Númi og Rafn léku nokkur lög og ferðafélagar tóku undir. Verði var stillt í hof en við reiknuðum þó með að geta keypt veitingar fyrir síðustu gönguna eins og verið hefur. Skógarkaffið var svo haldið í rjómablíðu þ. 29. ágúst. Ingólfur skógarvörður lagði okkur lið eins og venjulega og kom með hljómborðið sitt. Hans menn hituðu svo ketilkaffið Hólmfríður pantaði veitingar frá Mat og mörk, Héðinn Svarfdal afhenti sundpoka og endurskinsvesti. Karl formaður EBAK kom í heimsókn.

Ég held að við getum bara verið ánægð með sumarið. Fólk er líka farið að átta sig á að það er ekki nauðsynlegt að vera miklir göngugarpar til að mæta. Margir taka göngustafina með sér, sumir göngugrindur og aðrir ganga bara að næsta bekk. Allt eftir getu hvers og eins.

Nú standa málin þannig að Hólmfríður (Lilla) hættir í hópnum enda búin að vera í 4 ár. Hulda og Númi hafa verið í 2 ár en verða að hætta af heilsufarsástæðum. Hrefna heldur áfram og Rafn mun verða með okkur seinni hluta sumars.

Bestu þakkir til samstarfsfólksins og Ingólfs skógarvarðar fyrir liðlegheitin. Gaman að vinna með ahugasömu fólki.

Þannig að nú vantar fleira gott fólk.

Virðingarfyllst
Hrefna Hjálmarsdóttir ritari nefndar

VII. Árskýrsla Golfnefndar 2022-2023

Starfið hefur verið með óbreyttum hætti s.l. ár. Æft er tvisvar í viku á miðvikum- og föstudögum í aðstöðu Golfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllinni.

Starfið hófst í nóvember, þátttaka mætti vera betri.

Einn nefndarmanna Guðrún Siglaugsdóttir lést á síðasta ári, í Golfnefndinni eru nú Einar Hjartarson og Magnús Friðriksson formaður

VIII. Árskýrsla Dansklúbbs 2022-2023

Dansæfingar eru 1.og 3. miðvikudag í mánuði í Birtu Bugðusíðu 1. kl. 16.00 til 17.30. september til maí. Tónlist er valin af geisladiskum og Spotfy, Sigrún og Kristín sjá um það. Við höfum ekki verið með kennara í vetur, en höfum aðgang að leiðbeinendum úr okkar hópi ef það er dansar sem okkur langar að læra. Við erum ekki að taka gjald á æfingum. Það eru svona 14 til 20 að mæta hverju sinni.

Fyrir hönd dansnefndar.

Júlíana Tryggvadóttir.

IX. Árskýrsla Gönguklúbbs 2022-2023

Stjórn gönguklúbbsins hélt tvo formlega fundi á starfsárinu. Á fyrsta fundinum voru ferðir í maí, júní og júlí skipulagðar. Á öðrum fundi ferðir í og ágúst, september og október. Þessar ferðir voru auglýstar í Dagskránni og á facebook síðu EBAK. Göngur í nóvember, desember febrúar og mars voru eingöngu auglýstar á facebook síðunni. Fyrsta ferðin var 18. maí og síðasta ferðin 2023 var 7. desember og byrjað aftur 22. febrúar 2024. Gengið var vikulega á fimmtudögum kl 10.00 en seinustu ferðirnar voru færðar eftir hádegi kl. 13.30 vegna birtuskilyrða. Stefnt var að því að hafa göngurnar u.p.b. 5 km en sumar ferðirnar voru lengri. Skipulagðar voru 34 göngur á vegum klúbbsins, farastjórar voru úr hópi félaga í EBAK. Fjöldi þátttakenda frá 8 – 30 meðaltal ca. 18. Ein ferð féll niður vegna veðurs.

Kostnaður við starfsemi gönguklúbbsins var eingöngu tvær auglýsingar í Dagskránni sem EBAK greiddi. Annars voru ferðirnar auglýstar á facebook síðu EBAK.

F.h. Gönguklúbbsins
Garðar Lárusson

X. Árskýrsla netmiðlanefndar 2022-2023

Hlutverk nefndarinnar er að halda úti fésbókar- og heimasíðu félagsins og færa þar inn upplýsingar um starfið, fréttir og fundagerðir. Stjórn félagsins tilnefnir netmiðlanefnd til eins árs í senn að loknum aðalfundi. Nefndarmennirnir sl. ár voru Helgi Aðalsteinsson, Sigurður Harðarson og Garðar Lárusson, sáu þeir um um að setja allt efni inn á heimasíðuna eba.is og að hluta til inn í fésbókarhópinn EBAK Félag eldri borgara á Akureyri. Nefndaformenn og fleiri setja á fésbókarsíðuna inn efni frá sínum nefndum eða hópum. Félagar EBAK eru hvattir til til að setja inn fréttir, myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins inn í fésbókarhópinn eða senda okkur efnið til að setja inn þar eða á heimasíðuna. 2005 félagar eru á facebooksíðunni en voru um

1500 á sama tíma í fyrra og um 172 eru á póstlista heimasíðunnar. Þeir sem eru skráðir á póstlista heimasíðunnar fá tölvupóst þegar sett er inn nýtt efni. Félagar fara ekki sjálfkrafa inn á póstlistann heldur þurfa að skrá sig þar inn á forsíðu heimasíðunnar ebak.is. Fésbókarsíðan er lokuð síða þar sem þarf að sækja um aðgang sem allir 60 ára fá aðgang. Netmiðlanefnd hefur enga fjármálaumsýslu.

F. h. nefndarinnar Garðar Lárusson